REGLUGERÐ

um afmörkun viðkvæmra sviða samkvæmt 3. gr. laga um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu.

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið reglugerðar þessarar er að setja fram nánari skilgreiningar á þeim geirum og starfsemi sem teljast til viðkvæmra sviða í skilningi 1.-7. tölul. 3. gr. laga nr. 84/2026 um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda þegar leyst er úr því hvort innlendur rekstraraðili teljist starfa á viðkvæmu sviði skv. 3. gr. laganna, þ.m.t. við mat á því hvort ráðstöfun sem varðar rekstraraðilann sé tilkynningarskyld til ráðherra, sbr. 4. og 5. gr. laganna, sbr. einnig 3. mgr. 7. gr. og 1. tölul. 12. gr. laganna.

2. gr.

Skilgreiningar og málsmeðferð.

Í reglugerð þessari er að finna útlistun á viðkvæmum sviðum sem kveðið er á um í 3. gr. laga nr. 84/2026. Að öðru leyti hafa hugtök í reglugerð þessari sömu merkingu og greinir í 2. gr. laganna.

Sá aðili sem kann að vera tilkynningarskyldur skv. 4. og 5. gr. laga nr. 84/2026, eða stendur að ráðstöfun sem sætt getur rýni samkvæmt ákvæðum laganna, skal meta af sjálfsdáðum hvort starfsemi hlutaðeigandi innlends rekstraraðila, sem ráðstöfun varðar, teljist til viðkvæms sviðs skv. 3. gr. laganna, sbr. 3.-9. gr. reglugerðar þessarar. Ef þörf krefur er heimilt að leita forálits ráðherra á því skv. 3. mgr. 7. gr. laganna. Ráðherra leysir að öðru leyti úr því við meðferð máls hvort sú starfsemi sem um ræðir falli undir viðkvæmt svið, sbr. 4. og 5. gr. og 1. tölul. 12. gr. laganna.

Um tilkynningarskyldu og málsmeðferð fer að öðru leyti eftir viðeigandi ákvæðum laga nr. 84/2026 og eftir atvikum ákvæðum reglugerða sem settar eru með stoð í lögunum.

II. KAFLI
Viðkvæm svið

3. gr.

Mikilvægir innviðir.

Eftirfarandi starfsemi telst til viðkvæmra sviða í skilningi 1. tölul. 3. gr. laga nr. 84/2026 um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu:

1. Raforka og hitaveita:
    a. Flutningur raforku á grundvelli leyfis samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003.
    b. Dreifing raforku á grundvelli sérleyfis samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003.
    c. Vinnslufyrirtæki í skilningi raforkulaga nr. 65/2003 sem framleiðir raforku með uppsett afl 50 MW eða meira, en í tilfelli vindorkulunda er miðað við 80 MW eða meira.
    d. Raforkusalar sem hafa fengið leyfi samkvæmt 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og fjöldi notenda fer yfir 1.000.
    e. Viðskiptavettvangur raforku í skilningi 35. tölul. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003.
    f. Hitaveita sem starfar á grundvelli einkaleyfis samkvæmt orkulögum nr. 58/1967.
    g. Miðlunarlón vegna framleiðslu raforku sem nýtt eru af vinnslufyrirtækjum skv. c-lið.
    h. Hreyfanlegar aflstöðvar sem eru hluti af skipulögðu varaafli, stýrðu varaafli eða viðbúnaðarkerfi rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu á sviði orku samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 og lögum nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.
    i. Varaafl í varaaflsstöðvum í skilningi raforkulaga nr. 65/2003, þó að undanskildum varaaflsstöðvum sem gegna eingöngu því hlutverki að útvega afl til eigin nota, sbr. 4. gr. sömu laga.

j. Raforkumannvirki, þ.m.t. flutningsvirki raforku í skilningi raforkulaga nr. 65/2003, tengivirki og raforkuver.

2. Vatn, þ.e. neysluvatnsveitur og tengdir innviðir:
   a. Vatnsveitur, þ.m.t. hreinsi- og dælustöðvar, birgjar og dreifingaraðilar, sem þjónusta 5.000 notendur eða fleiri.
   b. Vöktun grunnvatns, þ.e. vöktunar-, mæli-, stýri- og viðvörunarkerfi sem eru nauðsynleg fyrir öryggi eða órofinn rekstur vatnsveitu sem fellur undir ákvæði þetta.
   c. Vatnsverndarsvæði eins og þau eru skilgreind í reglugerð um neysluvatn, nr. 536/2001, ásamt tengdum mannvirkjum og búnaði.
3. Fráveita:
   Fráveita í skilningi laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sem þjónustar 5.000 notendur eða fleiri.
4. Samgöngur og flutningar:
   a. Vegakerfi þjóðvega og sveitarfélagsvega í skilningi vegalaga nr. 80/2007, þ.m.t. brýr og jarðgöng.
   b. Veiting upplýsingaþjónustu vegna umferðar á vegum.
   c. Móttaka neyðarboða vegna umferðar á vegum.
   d. Almenningssamgöngur, þ.m.t. innanlandsflug og ferjusiglingar.
   e. Samgöngumiðstöðvar.
   f. Flugvellir.
   g. Flugleiðsöguþjónusta og rekstrarstjórnun flugumferðar.
   h. Þjónusta flutningsaðila með flugrekstrarleyfi útgefið hér á landi samkvæmt lögum um loftferðir nr. 80/2022 sem flytur fleiri en 25% flugfarþega til og frá landinu á ári.
   i. Þjónusta flutningsaðila með flugrekstrarleyfi útgefið hér á landi samkvæmt lögum um loftferðir nr. 80/2022 sem flytur meira en 25% af flugfrakt til og frá landinu á ári.
   j. Hafnir sem eru hluti af samevrópska flutningsnetinu (TEN-T) eða eru skilgreindar sem landamærastöðvar í skilningi reglugerðar nr. 866/2017 um för yfir landamæri, svo og hafnarmannvirki og önnur mannvirki og búnaður sem eru þáttur í rekstri slíkra hafna, í skilningi hafnalaga nr. 65/2003.
   k. Hafrannsóknir.
   l. Þjónusta í tengslum við lestun og losun farms á milli hafnar og flutningsaðila þar sem farmflutningar eru umfram 25% af öllum sjóflutningum til og frá landinu að undanskildum flutningum á olíuvörum og hrávöru til stóriðju.
   m. Þjónusta útgerðarfélaga samkvæmt skilgreiningu í viðauka I við reglugerð (EB) nr. 725/2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu sem sjá um flutning meira en 25% af sjóflutningum til og frá landinu, sé útgerðarfélag skráð hér á landi. Ekki fellur hér undir innflutningur á olíu, né hrávöru til framleiðslu í stóriðju.
   n. Veiting upplýsingaþjónustu vegna siglinga.
   o. Miðlægar eftirlitseiningar og einingar til viðhalds á innviðum (brýr, göng, flugvellir, o.s.frv.).
   p. Miðlægar umferðarstýrieiningar í almenningssamgöngum, farþega- og vöruflutningar (á vegum, í lofti og á legi).
   q. Alþjónustuveitandi póstþjónustu í skilningi laga nr. 98/2019 um póstþjónustu.
5. Fjarskipti og stafræn kerfi:
   a. Almenn fjarskiptanet í skilningi laga um fjarskipti nr. 70/2022.
   b. Fjarskiptavirki í skilningi laga um fjarskipti nr. 70/2022.
   c. Almenn fjarskiptaþjónusta í skilningi laga um fjarskipti nr. 70/2022.
   d. Fjarskiptasamband við útlönd, þ.m.t. sæstrengir og gervihnattasambönd.
   e. Net- og upplýsingakerfi mikilvægra innviða, í skilningi laga nr. 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.
   f. Miðlæg geymsla gagna (almenn gagnaver).
   g. Gervihnatta-, útvarps- og sjónvarpsútsendingar.
   h. Sameiginleg opinber grunngögn, þ.m.t. landgögn, persónuleg skráningargögn og miðlæg viðskiptaskráningargögn.
   i. Fréttaflutningur í almannaþágu.
   j. Rafræn auðkenning og traustþjónusta í skilningi laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

k. Upplýsingatækni- og fjarskiptalausnir til stuðnings við viðbúnað við krísuástandi, þ.m.t. neyðar- og öryggisfjarskiptanet í skilningi XIV. kafla laga nr. 70/2022 um fjarskipti og öll kerfi sem tengjast rekstri þeirra.
l. Öryggisflokkaðar upplýsingar og aðrar upplýsingar sem teljast trúnaðarupplýsingar í starfsemi ríkisins.
m. Lokuð samskiptanet og þjónusta milli opinberra aðila.
n. Rekstraraðili tengi- og skiptipunkta, þar sem árleg markaðshlutdeild hér á landi er 50% eða meiri og ekki er til staðar fullnægjandi staðganga fyrir þá þjónustu sem veitt er.
o. Rekstraraðili lénsheitakerfa ef sami rekstraraðili rekur nafnaþjóna (e. *resolvers*) sem fá samtals að meðaltali yfir 8.000.000 fyrirspurnir á hverjum sólarhring síðasta almanaksár; eða sannvottunar nafnaþjóna (e. *authoritative name servers*) sem geyma grunnupplýsingar um vistfang í IP-samskiptareglunum fyrir samtals yfir 1.200 lénsheiti (e. *domain*) í lok hvers árs.
p. Rekstraraðili sem sinnir skráningu landshöfuðléna ásamt nafnaþjónustu fyrir þau.
q. Ráðstöfun og notkun fjarskiptatíðna.

6. Fjármálakerfi:
   Eftirlitsskyldir aðilar og innviðir sem teljast kerfislega mikilvægir samkvæmt ákvörðun fjármálastöðugleikanefndar á grundvelli laga um Seðlabanka Íslands og reglna Seðlabankans um yfirsýn með kerfislega mikilvægum innviðum.
7. Löggæsla, réttarvarsla, neyðar- og viðbragðsþjónusta o.fl.
   a. Starfsemi til stuðnings við þverlægan og samhæfðan viðbúnað við krísum og stjórnun innan ríkisins.
   b. Viðvörunar- og neyðarboðaþjónusta.
   c. Slökkviliðs- og björgunarþjónusta.
   d. Starfsemi til stuðnings við löggæslu, vernd gegn glæpum og viðbúnaður lögreglu.
   e. Starfsemi til stuðnings fullnustu refsinga og dóma.
   f. Veðurþjónusta, ráðleggingar og viðvaranir fyrir þjóðfélagið, varnir, gerð viðbragðsáætlana og almenningsflug með þekkingu og gögn um veður, loftslag og haf.
   g. Kerfi vegna framkvæmdar á kosningum.
8. Heilbrigðiskerfi:
   a. Bráða- og slysamóttaka.
   b. Heilsugæsla og sjúkrahúsþjónusta.
   c. Heilbrigðisstofnanir og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna með sjúkrarýmum.
   d. Heimahjúkrun.
   e. Sjúkraflutningar og umönnun fyrir innlagningu á sjúkrahús.
   f. Vöktun og viðvaranir vegna smitsjúkdóma.
   g. Framleiðsla, skráning, dreifing og vöktun lyfseðilsskyldra lyfja
   h. Innkaup, geymsla, dreifing og afhending bóluefna.
   i. Kaup, geymsla, dreifing og afhending hlífðarbúnaðar og prófunarbúnaðar til heilbrigðis- og umönnunargeirans í sambandi við umsjón sem tengist farsóttum eða heimsfaröldrum.
9. Varnarkerfi og búnaður:
   a. Rekstur, viðhald, þjónusta og úrvinnsla samkvæmt varnarmálalögum nr. 34/2008.
   b. Staðsetningar, rekstur og umsýsla utan við auglýst mörk öryggissvæða, samanber auglýsingu nr. 964/2021 um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða á Íslandi.

4. gr.

Mikilvæg aðföng.

Eftirfarandi starfsemi, eignir og réttindi sem tengjast mikilvægum aðföngum, telst vera starfsemi á viðkvæmu sviði í skilningi 2. tölul. 3. gr. laga nr. 84/2026 um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu:

1. Olía og annað jarðefnaeldsneyti:
   a. Olíuframleiðsla, olíuflutningar, olíuflutningsleiðslur og olíubirgðastöðvar sem framleiðir, flytur eða geymir að lágmarki 100.000 tonn af olíu árlega.
   b. Innflutningur jarðefnaeldsneytis og dreifing innan lands.
   c. Umsýsla með neyðarbirgðahald á jarðefnaeldsneyti, þ.m.t. skömmtun og stýring, sem fer fram á vegum stjórnvalda á grundvelli sérstakra laga þar um eða samninga við ríkið.

2. Útvegun birgða, íhluta og annarra aðfanga til viðhalds og reksturs á mikilvægum innviðum skv. 3. gr. reglugerðarinnar.
3. Lyf:
    a. Innflutningur, dreifing og vöktun lyfseðilsskyldra lyfja.
    b. Lyfjaverslanir á höfuðborgarsvæðinu þar sem að minnsta kosti 27.500 lyfjaávísanir eru afgreiddar á ári.
    c. Lyfjaverslanir utan höfuðborgarsvæðisins þar sem að minnsta kosti 10.000 lyfjaávísanir eru afgreiddar á ári.
    d. Lyfjaverslanir og lyfsölur sem einar þjóna tilteknu byggðarlagi.
    e. Lyfjaheildsölur (birgðastöðvar fyrir lyf).
4. Matvæli:
    a. Innflutningur og framleiðsla aðfanga til matvælaframleiðslu innan lands, þ.m.t. áburðar, sáðvöru, fóðurs, jarðefnaeldsneytis og annarra mikilvægra aðfanga.
    b. Vöktun og eftirlit með öryggi matvæla, að innra eftirliti fyrirtækja undanskildu, þ.m.t. rekstur faggiltrar rannsóknarstofu eða upplýsingakerfis sem er ómissandi fyrir framkvæmd opinbers matvælaeftirlits.
    c. Framleiðsla og dreifing matvæla innan lands samkvæmt nánari skilgreiningu.
    d. Neyðarbirgðahald á matvælum, þ.m.t. skömmtun og stýring.

5. gr.

Nýting mikilvægra náttúruauðlinda.

Eftirfarandi starfsemi, eignir og réttindi tengd nýtingu mikilvægra náttúruauðlinda, telst vera starfsemi á viðkvæmu sviði í skilningi 3. tölul. 3. gr. laga nr. 84/2026 um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu:

1. Nýting vatnsorku í þjóðlendum.
2. Nýting jarðvarma í þjóðlendum.
3. Nýting vindorku í þjóðlendum.
4. Nýting náma og annarra jarðefna í þjóðlendum.

6. gr.

Meðhöndlun mikilvægra trúnaðarupplýsinga.

Eftirfarandi starfsemi, eignir og réttindi tengd meðhöndlun mikilvægra trúnaðarupplýsinga, telst vera starfsemi á viðkvæmu sviði í skilningi 4. tölul. 3. gr. laga nr. 84/2026 um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu:

1. Meðhöndlun mikilvægra trúnaðarupplýsinga eða þjónustu á sviði netöryggis í þágu mikilvægra innviða skv. 3. gr. reglugerðarinnar.
2. Lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga í skilningi laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga.
3. Meðhöndlun trúnaðarupplýsinga á sviði varnarmála, sbr. reglugerð nr. 959/2012 um vernd trúnaðarupplýsinga, öryggisvottanir og öryggisviðurkenningar á sviði öryggis- og varnarmála.

7. gr.

Framleiðsla, þróun eða notkun á hlutum með tvíþætt notagildi.

Til viðkvæms sviðs í skilningi 5. tölul. 3. gr. laga nr. 84/2026 um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, telst framleiðsla, þróun eða notkun á hlutum með tvíþætt notagildi eins og þeir eru skilgreindir skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 67/2023, um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit, samanber reglugerð nr. 1120/2023 um eftirlit með flutningi á hlutum með tvíþætt notagildi.

8. gr.

Framleiðsla, þróun eða notkun á hergögnum eða -tækni.

Til viðkvæms sviðs í skilningi 6. tölul. 3. gr. laga nr. 84/2026 um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, telst framleiðsla, þróun eða notkun á hergögnum eða -tækni eins og þau er skilgreind skv. 8. tölul. 6. gr. a vopnalaga nr. 16/1998.

9. gr.

Önnur mikilvæg tækni.

Framleiðsla, þróun eða notkun á eftirfarandi mikilvægri tækni telst sem viðkvæmt svið í skilningi 7. tölul. 3. gr. laga nr. 84/2026 um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu:

1. Gervigreind og vélrænt nám fyrir sjálfvirk farartæki, mannlegar eftirlíkingar (djúpfölsun), greiningu staðsetningargagna og lífkennaauðkenningu (e. *biometric identification*).
2. Þróuð iðnaðarþjarkatækni, þar með talið framleiðsluþjarkar, eða til nota í heilbrigðisþjónustunni, sem og þróuð drónatækni.
3. Hálfleiðarar til nota í samrásum, þar með talið í tækni sem styður við framleiðslu þeirra.
4. Tækni til verndar net- og upplýsingaöryggi að því er varðar aðgengileika, heilleika eða til að varðveita trúnað í tölvukerfum, ásamt vörnum gegn netárásum.
5. Geimtækni til að koma gervihnöttum, starfsfólki og samskiptatækni á leiðarenda.
6. Tækni til varðveislu orku til iðnaðarnota, til orkuumbreytingar og orkuflutninga.
7. Skammtatækni í tengslum við skammtatölvur, skammtaskynjara, skammtadulkóðun og skammtasamskipti.
8. Kjarnorkutækni, að undanskildum vörum ætluðum til nota í heilbrigðisþjónustu.
9. Nanótækni, þar með talin háþróuð grafenefni.
10. Líftækni í hönnunarlíffræði (e. *synthetic biology*).
11. Þrívíddarprentun til framleiðslu íhluta til iðnaðarnota.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þróunar eða framleiðslu á tækni sem ætluð er til almenningsnota eða á vörum sem eru almennt aðgengilegar, þ.m.t. neytendavörur til heimilisnota.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. gr. og 1. og 2. mgr. 21. gr. laga nr. 84/2026, um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu, og öðlast hún gildi og kemur til framkvæmda 1. janúar 2027.

Atvinnuvegaráðuneytinu, __.__.

Undirritun

Undirritun

DRÖG